



Fréttatilkynning  
frá  
skrifstofu forseta Íslands

## FYRIRLESTUR FORSETA Á EVRÓPUÞINGI STJÓRN MÁLAFRÆÐINGA

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson flytur í dag fimmtudaginn 25. ágúst kl. 18:00 opunarfyrirlestur á Evrópuþingi stjórnmálafræðinga, ECPR, European Consortium for Political Research, sem hefst í Reykjavík í dag. Þingið sækja ríflega tvö þúsund stjórnmálafræðingar frá flestum löndum Evrópu og hefur Félagsvísindasvið Háskóla Íslands annast undirbúning þess.

Fyrirlestur forseta ber heitið: Getur stjórnmálafræðin haldið í við 21. öldina – *Can political science keep up with the 21st century?* Í honum mun forseti fjalla um þróun stjórnmálafræðinnar og verkefni hennar á nýrri öld með sérstöku tilliti til efnahagskreppunnar í Evrópu og Bandaríkjunum, viðbragða Íslendinga við bankahruninu, samspils lýðræðis og markaðar sem og áhrifa upplýsingatækni á lýðræðislegan styrk almennings. Þá mun forseti í fyrirlestrinum einnig víkja að breytingum á Norðurslóðum og hvernig þær kalla á nýjar áherslur innan stjórnmálafræðinnar.

Fyrirlesturinn verður fluttur í Hörpu að lokinni verðlaunaafhendingu sem fram fer á setningarathöfn ECPR. Hann mun að flutningi loknum birtast á heimasíðu forsetaembættisins

25. ágúst 2011

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).